

Þriðjudaginn 27. júní 1995.

Nr. 208/1995.

Íselco sf.

(Ásgeir Þór Árnason hrl.)

gegn

Jóhanni Pétri Margeirssyni

(Ólafur Ragnarsson hrl.) og

Margeiri Jóhannssyni

(Einar Gautur Steingrímsson hrl.)

Jóhann Pétur Margeirsson

gegn

Íselco sf. og

Margeir Jóhannsson

gegn

Íselco sf. og

Jóhanni Pétri Margeirssyni

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Íselco sf. skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. júní 1995. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. maí 1995, þar sem máli Íselco sf. á hendur Jóhanni Pétri Margeirssyni og meðal-göngusök Margeirs Jóhannssonar er vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Er þess krafist, að felld verði úr gildi frávísun krafna Íselco sf. í héraði og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka þær til efnismeðferðar. Jafnframt er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi Jóhanns Péturs Margeirssonar og Margeirs Jóhannssonar.

Jóhann Pétur Margeirsson skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. júní 1995 og Margeir Jóhannsson með kæru 7. júní 1995, sem bárust réttinum ásamt kærumálgögnum 16. sama mánaðar. Kæruheimild er í g-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991. Krefjast Jóhann Pétur og Margeir þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur að öðru leyti en því, að Íselco sf. verði dæmt til greiðslu málskostnaðar í héraði. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður er staðfestur með vísan til forsendna hans. Ekki eru efni til að hrófla við málskostnaðarákvörðun héraðsdóms, og verður hún því staðfest.

Rétt er, að aðilar beri hver um sig kostnað sinn af kærumálinu.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. maí 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. apríl sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Íselco sf., kt. 600171-0469, Skeifunni 11 D, Reykjavík, á hendur Jóhanni Péttri Margeirssyni, kt. 050658-4149, Fjarðarási 24, Reykjavík, með réttarstefnu, sem birt var 16. mars 1994. Á dómþingi 22. september s. á. var þingfest framhaldsstefna, og á dómþingi 9. desember s. á. var þingfest meðalgöngustefna af hálfu Margeirs Jóhannssonar, kt. 020832-4449, Brúnastekk 4, Reykjavík.

Hinn 10. mars 1994 var tekin fyrir hjá sýslumanninum í Reykjavík kyrrsetningarbeiðni stefnanda þessa máls á hendur stefnda máls þessa. Var gerðinni lokið án árangurs að hluta með vísan til 8. kafla laga nr. 90/1989. Stefnandi krafðist þess, að bú stefnda yrði tekið til gjaldþrotaskipta, en þeirri kröfu var hafnað með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 20. maí 1994.

Stefndi krafðist þess, að máli þessu yrði vísað frá vegna vanreifunar. Með úrskurði 30. september sl. var frávísunarkröfu stefnda hafnað.

Stefnandi krafðist þess, að öllum kröfum, sem lytu að hlut meðalgöngu-stefnda í kröfum á hendur stefnda, yrði vísað frá dómi. Með úrskurði 16. febrúar sl. var þeirri kröfu hafnað.

Dómkröfur stefnanda eru á þessa leið:

„I. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu á samtals 20.639.587,75 kr. í frumsök og framhaldssök, og hefur þá verið tekið tillit til lækunar, vegna þess að fallið er frá kröfuliðum 1.75, 9.2, og 20.2 og að kröfuliðir 1.66 og 16.5 lækka. Í samræmi við 101. gr. laga nr. 91/1991 er í lokin lagt fram samandregið yfirlit yfir samtölur kröfufjárhæða í hverjum kafla í stefnu og framhaldsstefnu.

II. Að staðfest verði kyrrsetning, sem sýslumaðurinn í Reykjavík gerði fimmtudaginn 10. mars 1994 í fasteignum stefnda, Fjarðarási 24, Reykjavík, og sumarbústað í landi Heyholts, Borgarfirði, auk bifreiðanna MZ-516, Ford Ecoline, árg. 1991, og VK-965, Ford Bronco, árg. 1985.

III. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá dagsetningu hvers kröfuliðar til greiðsludags [Innsk. dómsins: Stefnandi kaflaskiptir fjárkröfu sinni,

eins og síðar verður greint frá, eftir þeirri aðferð að metinstefnu til, sem hann telur, að stefndi hafi beitt til að valda stefnanda tjóni, en innan hvers kafla eru mismargir kröfuliðir.]. Til einföldunar er þó fallið frá dráttarvöxtum, þar sem margir kröfuliðir eru innan sama mánaðar og dráttarvaxta einungis krafist frá síðustu dagsetningu innan sama mánaðar. Þannig hafa allar kröfur innan sama mánaðar verið lagðar saman og bætt við samtölu næsta mánaðar á undan og vaxta krafist af fjárhæðinni, eins og hún er á hverjum tíma og eins og hún er sýnd hér:

IV. Með vísan til 5. tl. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er gerð sú dómkrafa, að áfrýjun hindri ekki aðför eftir dóminum.

V. Enn er þess krafist, að lögmaður stefnda verði sektaður skv. heimild í e-lið 135. gr. laga nr. 91/1991 fyrir ummælin: „græðgi, meinfýsi og ófyrirleitni er leiðarljós rannsakenda“, sem hann viðhafði um stefnendur og, að því er ætla má, lögmenn þeirra.

VI. Þá er krafist málskostnaðar skv. mati dómsins.

Í meðalgöngusök er krafist frávísunar, en til vara sýknu og til þrautavara sýknu að svo stöddu af kröfum meðalgöngustefnanda og málskostnaðar skv. mati dómsins.“

Stefndi krefst þess að verða einungis dæmdur til að greiða 3.579.663,80 kr. með almennum innlánsvöxtum banka, eins og þeir hafa verið ákveðnir á hverjum tíma af Seðlabanka Íslands, frá 20. maí 1992 til greiðsludags, en 3.000.000 kr. greiðsla 20. maí 1992 komi til frádráttar. Hann krefst málskostnaðar skv. málskostnaðarreikningi.

Meðalgöngustefnandi krefst þess, að málinu verði vísað frá dómi að öllu leyti eða hluta. Til vara krefst hann þess, að sú fjárhæð, sem stefndi Jóhann Pétur kann að þurfa að greiða af kröfum Íselco sf., verði að 1/3 hluta dæmd meðalgöngustefnanda. Verði á hvorugt þessa fallist, krefst hann þess, að viðurkennt verði með dómi, að dómur Íselco sf. í vil feli það í sér, að meðalgöngustefnandi eigi kröfuna að 1/3 hluta. Verði nú ekki fallist á neina af þessum kröfum, krefst hann þess, að viðurkennt verði með dómi, að andvirði eignarhluta meðalgöngustefnanda í Íselco sf. hækki um 1/3 hluta af þeirri fjárhæð, sem stefndi verði dæmdur til að greiða félaginu. Hann krefst málskostnaðar skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi úr hendi stefnanda.

I.

Með samningi, dags. 8. janúar 1971, stofnuðu þeir Ragnar Jónsson og Gísli Ó. Ólafs, núverandi félagar um rekstur stefnanda Íselco sf., og Margrjetur Jóhannsson meðalgöngustefnandi með sér félag um rekstur rafmagns-
iðnaðar og verslun með rafmagnsvörur svo og annan skyldan atvinnurekstur undir firmanafninu Iceland Electric sf., skammstafað ISEL. Félagið

skyldi vera sjálfstæður skattaðili. Hlutur hvers þeirra í félaginu skyldi vera jafn. Ágóða og halla af starfseminni skyldi skipta að jöfnu, en gagnvart lánardrottnum skyldu þeir ábyrgjast skuldir félagsins að óskiptu. Hverjum um sig skyldi vera heimilt að fylgjast með rekstri félagsins, bókum þess og skjölum, hvenær sem væri, og jafnan heimilt að láta löggiltan endurskoðanda gera upp reikninga félagsins á þess kostnað. Í 7. gr. samningsins segir svo: „Samningi þessum getur hvor okkar (sic) sagt upp með 6 mánaða fyrirvara, og skal uppsögn, sem á að vera skrifleg, miðast við áramót. Verð félaginu slitið á þennan hátt, skulu reikningar félagsins gerðir upp og ágóða og eignum skipt skv. 2. gr. [Innsk. dómsins: þ. e. jafnt.] Eigi félagið þá ekki fyrir skuldum, skal það, er á vantar, greitt af okkur að jöfnu. [...]“ Í tilkynningu til firmaskrár Reykjavíkur segir, að firmanafnið sé skammstafað Íselco sf. Ekki er deilt um, að þetta félag er stefnandi þessa máls Íselco sf.

Stefndi Jóhann Pétur, sem er sonur meðalgöngustefnanda, mun hafa starfað hjá félaginu frá unglingsárum. Hann mun hafa lokið námi vorið 1977 og hafið þá fullt starf hjá félaginu og unnið hjá því, þar til honum var vísað úr starfi í maímánuði 1992 vegna ætlaðs fjárdráttar. Stefndi mun bæði hafa starfað sem bókhaldari og gjaldkeri a. m. k. hin síðari ár sín hjá félaginu og hafa haft heimild til að gefa út ávísanir á tékkareikning félagsins hjá Landsbanka Íslands.

Viðurkenndar eru af hálfu stefnanda (sic) greiðslur til stefnanda, að fjárhæð 501.032 kr., 13. maí 1992 og 2.197.800 kr. 20. s. m. vegna fjárdráttar stefnda, en stefndi og meðalgöngustefnandi telja, að greiðslur hafi numið jafnvirði 3.000.000 kr., sem reiddar hafi verið af hendi á þessum tíma, enda þótt tjón félagsins af völdum Jóhanns Péturs hafi þá verið metið af eigendum félagsins 1.621.079 kr. af höfuðstól til.

Samskipti meðalgöngustefnanda, Margeirs, við féлага sína mun hafa orðið stirt upp úr þessu, og fór svo, að Margeir sagði upp sameignarfélags-samningi þeirra með bréfi 19. maí 1993, dskj. nr. 113. Með bréfi 28. júní s. á. tilkynntu félagar hans honum ákvörðun sína um að halda starfsemi félagsins áfram og vilja til að ganga til samninga um málið þegar í stað. Og 12. júlí s. á. undirrituðu þeir eftirfarandi samkomulag:

„1. gr.

Við Gísli og Ragnar höfum lýst yfir vilja til að kaupa hlut Margeirs í nefndu sameignarfélagi okkar. Samkomulag er um að fá löggilta endurskoðendur fyrirtækisins, þá Svein Jónsson og Einar Ólafsson, Ármúla 42, Reykjavík, til að meta fyrirtækið og hlut hvers okkar til verðs miðað við uppgjör per 13. 7. 1993. Greindum endurskoðendum er því falið að meta verð fasteignar fyrirtækisins, véla- og tækja, vörulager, útistandandi kröfur og „good will“, ef endurskoðendur telja, að um hann sé að ræða.

2. gr.

Samkomulag er um, að væntanlegur seljandi, nefndur Margeir, fari í sumarfrí frá og með 13. 7. nk. til þess tíma, að umrætt mat endurskoðandans liggur fyrir væntanlega fyrri hluta ágústmánaðar nk. [...].

3. gr.

Aðilar samkomulags þessa eru sammála um að fela ofangreindum endurskoðendum, sbr. 1. gr., að framkvæma ýtarlega bókhaldsrannsókn á bókhaldi fyrirtækisins svo langt aftur sem þeir telja nauðsynlegt með tilliti til ætlaðs fjádráttar og/eða fjársvika. Skuldbinda aðilar sig til að fara eftir niðurstöðu endurskoðendaskýrslna um þau atriði, þannig, að fram komi úttekt aðila eða náins ættingja hans, er starfað hefur hjá fyrirtækinu, sem tengist viðskiptum fyrirtækisins, svo og rangfærslur eða misferli, þá dragist það frá hlut viðkomandi aðila í fyrirtækinu að frádregnum greiðslum, sem þegar hafa verið inntar af hendi vegna þessara atriða.

4. gr.

Aðilar eru sammála um að leita eftir því við Jóhann Pétur Margeirsson, sem á sínum tíma starfaði hjá fyrirtækinu, að hann gefi endurskoðendum fyrirtækisins allar þær upplýsingar, sem endurskoðendur telja nauðsynlegar vegna bókhaldsrannsóknarinnar, sem um getur í 3. gr. Sérstaklega verði lagt fyrir nefndan Jóhann að leggja fram bankayfirlit vegna reikninga sinna nr. 1148 í aðalbanka Landsbanka Íslands og annan reikning, sem einnig er í þeim banka, en ekki liggur nú fyrir númer hans, gefa upplýsingar um, hvað var í geymsluhólfi fyrirtækisins í Miklubrautarútibúi Landsbanka Íslands, eftir að hann var hættur störfum hjá fyrirtækinu, svo og upplýsingar um færslur, fylgiskjöl og önnur atriði, sem varða bókhald fyrirtækisins á þeim tíma, sem hann starfaði við það. Gefi Jóhann nauðsynlegar upplýsingar að mati nefndra endurskoðenda, verður fallið frá hugsanlegum kærnum á hendur honum, sbr. þó 3. gr. hér að framan.

5. gr.

Aðilar samkomulags þessa miða við, að Gísli og Ragnar kaupi hlut Margeirs í fyrirtækinu [...].“

Við þetta „samkomulag“ hefur ekki enn verið staðið í raun, og eru skiptar skoðanir með aðilum hvers vegna.

Með kæru 3. október 1993 fóru þeir Gísli Ólafsson og Ragnar J. Jónsson þess á leit við Rannsóknarlögreglu ríkisins, að fram færi opinber rannsókn á „meintum fjársvikum, fjádrætti og bókhaldsmisferli“ þeirra Margeirs Jóhannssonar og Jóhanns Péturs Margeirssonar. Töldu þeir, að í ljós hefði komið, að bókhald Íselco sf., sem Margeir hafði umsjón með af hálfu eigenda fyrirtækisins, hefði raunar verið með þeim hætti, að ekki væri unnt að treysta því.

Fimmtudaginn 10. mars 1994 kyrrsetti sýslumaðurinn í Reykjavík nánar tilgreindar eignir stefnda að kröfu stefnanda til tryggingar kröfu, samtals að fjárhæð 39.009.978 krónur. Gerðinni var lokið án árangurs að hluta. Stefnandi taldi kröfu sína stafa „af refsiverðri háttsemi Jóhanns Péturs, sem með ýmiss konar fjármuna- og bókhaldsbrotum nýtti sér stöðu sína sem starfsmaður hjá gerðarbeiðanda til að draga sér mikla fjármuni. Sú háttsemi hefur verið kærð til RLR. Margs konar skjalfestar sannanir um háttsemi gerðarþola liggja fyrir, og gerð hefur verið bókhaldsathugun hjá gerðarbeiðanda, sem rennir enn frekari stoðum undir kæru gerðarbeiðanda og staðfestir með óyggjandi hætti ýmsar þær aðferðir, sem gerðarþoli hafði á að hafa fé af gerðarbeiðanda ...“. Stefnandi taldi nauðsyn bera til að tryggja hagsmuni sína með því að kyrrsetja eignir stefnda, þar eð stefndi hefði veðsett föður sínum, að því er atla mætti, eignir sínar að stórum hluta. Og með útgáfu réttarstefnu, sem birt var 16. mars 1994, var mál þetta höfðað, eins og áður segir.

18. kafli.

Stefnandi kveður þennan kröfulið innihalda ýmsar greiðslur til Lögmannna, Borgartúni 33, Reykjavík. Þar á meðal sé greiðsla reikninga vegna innheimtu viðskiptabréfa sem Jóhann Pétur fékk í bílaviðskiptum. Þá séu tilbúin fylgiskjöl vegna lögfræðikostnaðar einnig undir þessum lið.

Nr.	Lýsing/skýringar	Dags./ár	Kröfu- fjárhæð
18.1	Reikningur, útg. af Lögmönnum, Borgartúni 33, mál nr. 20157, – auk VSK	20.2. 1992	6.536
18.2	Reikningur, útg. af Lögmönnum, Borgartúni 33, mál nr. 20157, – auk VSK	20. 2. 1992	84.392
18.3	Skil á innheimtum frá Lögmönnum, Borgartúni 33	20. 2. 1992	
18.4	Bókunarbeiðni	28. 2. 1992	
18.5	Dagbókarfærslur	29. 2. 1992	
18.6	Staða innheimtumála hjá Birni og Sigurði sf.	20. 12. 1991	
18.7	Reikningur, útg. af Birni og Sigurði sf.	18. 12. 1991	286.850
18.8	Reikningur, útg. af Birni og Sigurði sf.	18. 12. 1991	25.163
18.9	Bréf Jóhanns Margeirssonar f. h. Íselco sf., til Sigurðar I. Halldórssonar hdl.	12. 9. 1991	
18.10	Hluti bréfs Sigurðar I. Halldórssonar		

	hdl., notaður sem greiðslufylgiskjal í bókhalda Íselco sf.	31. 11. 1989	93.751
18.11	Dagbókarfærslur Íselco sf.	30. 11. 1989	
18.12	Skil á innheimtum vegna m. a. Fiskfax hf.	4. 3. 1993	52.161
18.13	Skilagrein frá Lögmönnum, Borgartúni 33, 105 Rvík	1. 11. 1990	98.856
18.14	Bókunarbeiðni	30. 11. 1990	
18.15	Dagbókarfærslur	30. 11. 1990	
	Samtals		647.799

 Af hálfu stefnda er því haldið fram, að óljóst sé, á hvaða málsástæðum og lagastoðum stefnandi reisi skaðabótakröfu á stefnda í þessu einkamáli, stefnandi hafi ekki nema að litlu leyti skýrt tengsl milli atvika, málsástæðna og lagatýlvisana.

Við aðalmeðferð málsins dró lögmaður stefnda til baka ummæli sín í greinargerð stefnda, þar sem segir: „en græðgi, meinfýsi og ófyrirleitni er leiðarljós rannsakenda...“

Af hálfu meðalgöngustefnanda er því haldið fram, að vísa eigi málinu frá dómi vegna vanreifunar. Talið er, að atvikalýsingu í stefnu og framhalds-stefnu sé ábótavant þannig, að ekki sé alltaf ljóst, hvaða atvik, sem eiga að hafa verið refsiverð, tengist fram lögðum skjölum, svo að samhengið sé ljóst. Þá sé ekki ljóst, á hvaða málsástæðum bótakrafa stefnanda sé reist. Ekki verði séð, að stefnandi vísi til einnar einustu réttarreglu skaðabótakröfum sínum til stuðnings, og lítið hafi hann gert til að varpa ljósi á ætlað endanlegt tjón sitt. Þá var það áamálgað af hálfu meðalgöngustefnanda, að stefnandi gæti ekki byggt kröfu um dráttarvexti á skuld fyrir gildistöku vaxtalaga nr. 25/1987 á grundvelli þeirrar lagasetningar.

Ef dómurinn fallist ekki á að vísa málinu frá í heild sinni og efnisdómur verði lagður á að öllu leyti eða hluta, telur meðalgöngustefnandi sig eiga kröfu til, að viðurkenndur verði réttur hans til þriðjungs dæmdra bóta úr hendi stefnda, þar eð hann eigi að óskiptu með tveimur fyrri félögum sínum, Íselco sf., stefnanda í máli þessu. Í annan stað hafi verið gerð krafa til hans um að greiða þessum félögum sínum 2/3 hluta af því fé, sem þeir telji stefnda skulda stefnanda. Úrslit málsins skipti hann því verulegu máli og veiti honum rétt til þátttöku varnar megin í málinu.

Af hálfu meðalgöngustefnanda var staðhæft við aðalmeðferð, að ekkert hefði komið fram í gögnum málsins eða í framburði aðila og vitna, sem benti til þess, að fjármunir, sem reikningar stefnanda segðu eign hans, væru ekki til hjá stefnanda.

Við aðalmeðferð málsins mótmælti málsvari meðalgöngustefnanda því, að stefnandi gæti reist kröfu sína á fleiri málsástæðum en ætluðum fjárrætti stefnda, þar eð ekki væri á öðru byggt í stefnu.

Við aðalmeðferð málsins tjáði meðalgöngustefnandi réttinum m. a., að stefndi hefði oft unnið yfirvinnu umfram það, sem um hafði verið samið við hann, og það hafi hann gert vegna brýnna þarfa fyrirtækisins, að gengið yrði frá færslum að kvöldi dags eftir lokun og eftir venjulegan vinnutíma starfsmanna stefnanda. Hafi þessi þörf m. a. risið vegna örðugleika í tölvuvinnslu á byrjunarskeiði tölvunotkunar hjá félaginu. Meðalgöngustefnandi staðhæfði, að stefndi hefði unnið alla þá yfirvinnu, er hann tók laun fyrir. Þá viðurkenndi meðalgöngustefnandi að hafa haft vitneskju um notkun stefnda á tékkareikningi sínum hjá SPRON í þágu stefnanda.

V.

Niðurstaða.

Ekki er ljóst, hvert tjón stefnanda er af ætluðum misgjörðum stefnda. Framburður aðila og vitna fyrir réttinum hefur ekki orðið til að skýra það frekar en af skjölum málsins má ráða. Þó að staðhæfingar stefnanda um bótaskyldar athafnir stefnda væru sannar, telja sérfróðir meðdómsmenn, að ekki verði komist að niðurstöðu um bótafjárhæð á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir liggja í málinu. Augljóst er af málavöxtum, að slíkra gagna verður ekki aflað nema með tímafrekri könnun á bókhaldsgögnum. Eru því ekki efni til þess að halda málinu áfram á grundvelli ákvæða 104. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt framangreindu verður máli þessu vísað frá dómi.

Eftir atvikum er rétt, að málsaðilar beri hver sinn málskostnað.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum Sigurði P. Sigurðssyni og Stefáni Svavarssyni, lögg. endurskoðendum, kváðu upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður er ekki dæmdur.